

**Nd. 368. Tillaga til þingsályktunar [169. mál]**

um endurbyggingu togaraflotans o. fl.

Flm.: Pétur Sigurðsson, Matthías Á. Mathiesen, Jónas G. Rafnar,  
Sverrir Hermannsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á sjávarútvegsmálaráðherra í framhaldi af yfirlýsingu hans um fyrirgreiðslu við smíði nokkurra skuttogara að fela þeim aðilum, sem fara munu með framkvæmd þessa máls, að hafa samráð við samtök togaraeigenda, sjómanna og eigenda hraðfrystihúsa vegna væntanlegrar endurbyggingar togaraflotans.

Sérstaklega skal kanna, hvernig koma megi við sem fullkomnastri sjálfvirkni aflvéla og húnaðar, svo að koma megi við fækkun skipverja án aukins vinnuálags eða minnkandi öryggis.

Einnig verði athugaðir möguleikar á erlendum lánnum og byggingarstyrk vegna nýsmíði togara og um möguleika þess, að ríkissjóður kaupi gömlu togarana, þegar þeir hafa náð ákveðnum aldri, ef andvirði þeirra rennur til endurbyggingar togaraflotans.

Þá verði enn fremur kannað, hvaða fyrirgreiðsla sé nauðsynleg til handa frystiðnaðinum til að koma upp nauðsynlegum tæknibúnaði til löndunar, frystigeymsl-um og upphíðingartækjum til móttöku og vinnslu afla úr frystitogurum.

**Greinargerð.**

Undanfarin ár hafa farið fram margs konar athuganir á rekstri og endurbyggingarmöguleikum hins íslenska togarafloata.

Þeir, sem þekkja og skilja þá miklu þýðingu, sem hin stórvirku atvinnutæki, togararnir, hafa haft fyrir íslenskt atvinnulíf, telja flestir, að rekstur togara eigi fullan rétt á sér hér á landi og sé nauðsynlegur, þótt hann geti ekki í framtíðinni verið rekinn með núverandi skipum og skipulagi, heldur þurfi þar að verða gjörbreyting á.

Þeir, sem hafa þessa skoðun, fögnuðu yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, sem Eggert G. Þorsteinsson sjávarútvegsmálaráðherra flutti í Ed. Alþingis 10. marz s. l.

Í ræðu, sem ráðherrann flutti um sjávarútvegsmál, sagði hann m. a.: „Mér þykir rétt að nota þetta tækifæri, sem hér gefst, til þess að lýsa því yfir, að til athugunar er nú hjá ríkisstjórninni, með hvaða hætti verði bezt greitt fyrir kaupum á 3—4 togveiðiskipum af skuttogaragerð. Áætlað er, að skip þessi verði af mismunandi gerðum eða stærðum, þannig að sem raunhæfastur grundvöllur fái undir framtíðarskipan þessara mála varðandi endurnýjun togaraflotans.“

Við, þingmenn Sjálfstæðisflokksins, sem flytjum þessa þingsályktunartillögu, viljum með flutningi hennar undirstrika þá skoðun okkar, að í framtíðinni, eins og á liðnum áratugum, geti togarútgerð á Íslandi verið einn af hornsteinum gjaldeyrisöflunar og þróttmikils fiskiðnaðar, liður í alhliða framförum og aukinni velmegun íslensku þjóðarinnar.

Jafnframt viljum við með þessum tillöguflutningi benda á nokkur atriði, sem okkur virðist nauðsynlegt að könnuð verði til hlítar, áður en við hefjumst handa um byggingu skuttogara. Um leið þarf að rannsaka mörg önnur vandamál, sem tillit verður að taka til, og verður þeirra nánar getið við framsögu málsins.